



Alþingi nefndarsvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 4. maí 2018
1804027 ÁS

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - þingskjal 607 — 425.
Mál**

Vesturbyggð telur að Alþingi geti ekki samþykkt framkomið frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða í óbreyttri mynd. Allt of mörg atriði í því vekja spurningar og því nauðsynlegt að vinna það betur og taka tillit til athugasemda sem berast frá sveitarfélögunum.

Vesturbyggð gerir eftirfarandi athugasemdir við framkomið frumvarp um skipulag haf og strandsvæða:

- Að færa eigi skipulagsvald frá sveitarfélögunum. Skipulagsvaldið á strandsvæðum á að vera hjá sveitarfélögunum. Það á ekki að vera hjá stofnunum ríkisins. Það er algjört grundvallaratriði að sveitarfélögin hafi eitthvað um málin að segja þegar kemur að skipulagi nærumhverfis þeirra.
- Að svæðisráð sé skipað að mestu skipað fulltrúum ráðuneyta sem jafnramt fara með formennsku, Skipulagsstofnun sér hinsvegar um gerð skipulagsins í umboði svæðisráðs sem er í hæsta máta óeðlilegt. Strandsvæðaskipulag sem með þessum hætti er unnið frá höfuðborgarsvæðinu býður heim hættunni á að það missi mikilvæga tengingu við staðinn sem verið er að skipuleggja. Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga er algjörlega fyrir borð borinn með þessari tillögu.
- Að sérstaklega sé tilgreint að umhverfisverndarsamtök eigi einn áheyrnarfulltrúa. Eðlilegt væri þá að fulltrúar atvinnulífs á svæðinu ættu sömuleiðis áheyrnarfulltrúa.
- Samkvæmt frumvarpinu verður skörun milli aðalskipulags sveitarfélaganna og strandsvæðaskipulags á tiltölulega stóru svæði. Hér getur skapast réttaróvissa og klárt að hér geta orðið ágreiningsmál í framtíðinni um hver fer með valdið.



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Þetta eru þær athugasemdir sem Vesturbyggð telur lang veigamestar. Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa ítrekað kallað eftir lagafrumvarpi sem þessu í umtalsvert langan tíma. En til þess að lagafrumvarpið nái að þjóna þeim tilgangi sem ætlast er til af því þarf að rýna það betur. Ef ekki verður vandað til verks mun réttur sveitarfélaganna til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt verða fyrir borð borinn.

Virðingarfyllst,


Ásthildur Sturludóttir
Bæjarstjóri